

Tillaga
Afgreiðsla

A 1947/UVU
Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um verðlagningu á raforkumarkaði (A 1947/UVU)

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekkert frekar vegna þingmannatillögu verðlagningu á raforkumarkaði (A 1947/UVU)

Bakgrunnur

Verð á raforku hefur verið á allra vörum síðustu misserin. Undirrótin að hækkandi raforkuverði er sú hugmyndafræðilega orkustefna sem tíðkast hefur í Evrópu, þar á meðal á Norðurlöndum, allt frá aldamótum. Af hugsjónaástæðum hefur kjarnorkuverum verið lokað í Svíþjóð og í Finnlandi hafa þau ekki fengið byggingarleyfi samtímis því sem varmaafsvirkjunum hefur fækkað. Vind- og sólarorka hefur aukist mikið án þess að við höfum tryggt samsvarandi frá orku frá stöðugum innlendum orkugjöfum. Við höfum reitt okkur á að sú orka sem skortir muni vera flutt inn frá orkukerfum annarra landa, eða gas nýtt í staðinn, á þeim árstímum þar sem ekki eru veðurskilyrði til að nýta vind- eða sólarorku.

Gott dæmi um skammsýna orkustefnu er að Svíþjóð og Finnland eru innbyrðis háð innflutningi. Sú þróun gerði Rússlandi kleift að nota orkuna sem vopn í hinum landfræðipólítíska hildarleik.

Norrænt frelsi leggur því til að verðlagskerfi verði breytt á þann hátt að hrein orka sem ódýr er í framleiðslu nýtist fyrst og fremst orkuneytendum á Norðurlöndum. Norrænu ríkin þurfa fremur að vera sjálfbærari um orku en að reiða sig á innflutta og dýra rafframleiðslu sem kannski er ekki jafn umhverfisvæn. Fyrst og fremst þarf eigin þörf á orku að vera fullnægt með ódýrri hreinni orku.

Til að ná þessu fram þurfa Norðurlönd í sameiningu að beita sér fyrir breytingum á evrópska orkumarkaðnum. Norrænu ríkin þurfa að koma á sameiginlegu skipulagi til að viðhalda pólitískri stöðu um orkumál í Evrópu sem stendur vörð um sameiginlega hagsmuni varðandi orkuframboð fyrir heimili, fyrirtæki og velferðar- og öryggiskerfi. Stjórnvöld í norrænum aðildarlöndum ESB verða að taka höndum saman um að knýja áfram nauðsynlegar breytingar á reglum ESB og innleiða þær einhliða eftir þörfum.



Norrænt frelsi leggur einnig til að ríkisstjórnir norrænu landanna komi á fót ráði um orkupólítík á milli forsætisráðherranna, orkumálaráðherranna og utanríkisráðherranna og að það ráð bjóði til samtals við sérfræðinga um orkumál þar sem markmiðið er að ná samkomulagi sem getur verndað borgarana frá innfluttum háum orkukostnaði frá orkugjöfum sem ekki eru umhverfisvænir.

Sjónarmið nefndarinnar

Í þingmannatillögu Norræns frelssis er kallað eftir því að Norræna ráðherranefndin móti sameiginlega norræna áætlun og stefnu um orkupólítík í Evrópu í þeim tilgangi að móta evrópskan orkumarkað svo að efla megi orkuframboð innan norrænu ríkjanna.

Á fundi nefndarinnar í Osló 31. október ákvað nefndin að vinna ekki frekar að þingmannatillögu Norræns frelssis.

Nefndin telur tillöguna fela í sér ESB-réttarleg vandamál og því var ákveðið að vinna ekki frekar að tillögunni.

Stokkhólmi, 6. febrúar 2024

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Markku Siponen (C)

Sandra Listherby (Lib)

Lars-Christian Brask (LA)

Gunilla Carlsson (S)

Juha Viitala (sd)

Anna Vikström (S)

Per-Arne Håkansson (S)

Odd Harald Hovland (A)

Ann-Sofie Alm (M)

Alexandra Anstrell (M)

Lars Püß (M)

Liv Kari Eskeland (H)

Erling Eidesgaard (T)

Orri Páll Jóhannsson (VG)

Norrænt frelsi og Framfaraflokkurinn lýstu fyrirvara um niðurstöðu nefndarinnar.

Fyrirvari

Norrænt frelsi og Framfaraflokkurinn lýstu fyrirvara um niðurstöðuna og leggja til að

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggi til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að beita sér fyrir því að breyta regluverki í kringum orkumál þannig að norrænu löndin geta í fyrsta lagi verið sjálfum sér nóg um með ódýra orku og í öðru lagi flutt orku útfyrir Norðurlönd.



að koma á fót ráði um orkupólítík á milli forsætisráðherranna, orkumálaráðherranna, utanríkisráðherranna og sérfræðinga úr orkugeiranum. að móta sameiginlega norræna áætlun og stefnu um orkupólítík í Evrópu í þeim tilgangi að breyta evrópskum orkumarkaði svo að efla megi orkuframboð innan norrænu ríkjanna.

Stokkhólmi, 6. febrúar 2024

Ann-Christine From Utterstedt (SD)
Minna Reijonen (saf)

Tor André Johnsen (FrP)